


• Örnefni / staður:

Arnarhamar

- **Lýsing:** A. er „einkennilegur klettastöpull“ 4), hamrabelti/klettur við Vesturlandsveg skammt ofan Grundarhverfis. Nöfnin Arnarhamar og Arnarholt þar skammt frá vísa til hugsanlegrar veru hafarnarins á svæðinu einhvern tíma í fyrndinni. Að því best er vitað eru ekki til sögulegar heimildir um arnarvarp á Kjalarnesi annars staðar en í Kistufelli, en þar áttu ernir að hafa orpið fram undir 1900, að sögn ónefnds heimildarmanns danska fuglafræðingsins Richard Hörrings sem ferðaðist hér um 1905-08. 5) Fuglsstapi í landi Bakka (örnefni og landamerki), er þó sagt vera varpstaður arnar og fálka 1). Við Arnarhamar er fjárrétt, skilarétt hreppsþúfa Kjalarneshrepps 4) og eru þar vegghleðslur úr grjóti. Sunnan við réttina er trjáræktarreitur Skógræktarfélags Kjalarness. Um 300 m norðan við Arnarhamar er fyrrum skeiðvöllur hestamannfélagsins Harðar, sem stofnað var á Kjalarnesi árið 1950. Félagið flutti starfsemi sína á Varmárbakka í Mosfellsbæ um 1980. Um 700 m sunnan við Arnarhamar, við Strýthóla er grenitrjálundur og á hjalla þar fyrir ofan nýleg hringlaga vegghleðsla úr torfi og grjóti. Arnarhamars er getið í örnefnaskrárnám Arnarholts 2) og Lykkju 3) og er landamerki. Landslag á þessu svæði einkennist af malarhjöllum, klettastöllum með mýrarsundum á milli og yfir trónir Lág-Esjan. Mófuglar fljúga víða upp og ef heppnin er með sést til branduglu flögra um.

Kort: DMA 1613 III
Reykjavík, LMÍ 1980



• Staðsetning ISN93

X: 362795.28 Y: 420349.48 1)

• Mynd:



Heimildir:

1. Fornleifaskráning Bakka og Bakkaholts á Kjalarnesi Minjasafn Reykjavíkur – Árbæjarsafn. Skýrsla nr 118, Reykjavík 2004
2. Örnefnaskrá Arnarholts. Ath. Oddur Jónsson f. 1889 Króki. Örnefnastofnun 1967.
3. Örnefnaskrá Lykkju. Magnús Magnússon f. 1889, bóndi Lykkju. Örnefnastofnun 1967.
4. Kjalnesingar. Ábúendur og saga Kjalarneshrepps. Rvk 1998. Bls. 197, 297
5. Kristinn Haukur Skarphéðinsson, tölvupóstur 5. maí 2010.

Sögufélagið Steini, Kjalarnesi, apríl 2010

ARNARHAMAR